

**Svæðið milli Tungnaár og Skaftár. Staða  
berggrunnskortlagningar 1994**

**Elsa G. Vilmundardóttir**

**Greinargerð EGV-94/01**

## Svæðið milli Tungnaár og Skaftár Staða berggrunnskortlagningar 1994

### INNGANGUR

Þessi samantekt er gerð í tilefni þess að verið er að huga að gömlum hugmyndum um að veita vatni úr Langasjó í vesturátt til Tungnaár. Höfundur hefur farið nokkrar rannsóknarferðir um svæðið milli Tungnaár og Skaftár og kortlagt berggrunninn, oftast í samstarfi við Snorra Pál Snorrason jarðfræðing og fyrrum starfsmann Orkustofnunar. Einnig hafa félagar í rannsóknarferðum verið Arni Hjartarson, Ingibjörg Kaldal og Guðrún Larsen. Hér á eftir verður gerð grein fyrir stöðu berggrunnskortlagningar á svæðinu.

### FYRRI RANNSÓKNIR

Rannsóknir sem jarðfræðikort í Mkv. 1:250.000 byggja á, sjá Guðmundur Kjartansson 1962 og 1967 og Haukur Jóhannesson o.fl. 1982 og 1990. Ennfremur jarðfræðikort í Mkv. 1:500.000, sjá Haukur Jóhannesson og Kristján Sæmundsson 1989.

Sumarið 1971 voru gerðar ítarlegar jarðfræðirannsóknir til að kanna aðstæður við að veita Skaftá í Langasjó og þaðan til vesturs um skurði og göng til Tungnaár. Í því skyni var borað með Borró bor og snúningsbor og einnig gerðar jarðsveiflumælingar og berggrunnur kortlagður nákvæmar og meira samfelt en áður hafði verið gert. Þessum rannsóknum er lýst í skýrslu Orkustofnunar (Oddur Sigurðsson o.fl. 1972), og B. S. ritgerðum Snorra Zóphóníassonar 1973 og Björns Jónassonar 1974.

### BERGGRUNNSKORTLAGNING F.O.M. 1985

Í sambandi við berggrunnskortlagningu á vatnasviði Þjórsár ofan Búrfells, sem er samstarfsverkefni Orkustofnunar og Landsvirkjunar frá 1983, hefur verið unnið talsvert að berggrunnskortlagningu á svæðinu milli Tungnaár og Skaftár, enda nær hluti af tveimur umsömdum kortblöðum (1. mynd) austur fyrir Tungnaá. Annað þessara korta, Sigalda-Veiðivötn nr. 3340 B hefur verið prentað, sjá Elsa G. Vilmundardóttir o.fl. 1988, en hitt Jökulheimar nr. 1913 I, er til í handriti.

Auk rannsókna sem unnar hafa verið á vegum Orkustofnunar og Landsvirkjunar hafa tvær rannsóknarferðir verið farnar, kostaðar af styrk frá Vísindasjóði. Styrkurinn var veittur Snorra Páli Snorrasyni og Elsu G. Vilmundardóttur árið 1988 til sýnasöfnunar og efnagreininga á móbergi á Tungnaáröræfum. Þar sem berggrunnskortlagning er forsenda

fyrir sýnatöku hefur verið kortlagt jöfnum höndum í þessum rannsóknarferðum.

Taflan sýnir rannsóknarferðir sem hafa verið farnar vegna berggrunnskortlagningar og sýnasöfnunar fr.o.m. 1985

Ár	Dagafjöldi	Jarðfræðingar	Kostað af
1985	5	EGV og SPS	OS/LV
1987	4	EGV	OS/LV
1989	2	EGV	OS/LV
1989	5	EGV og SPS	Vísindasj.
1993	5	EGV og SPS	Vísindasj.

Eins og taflan sýnir hefur 21 dagur farið í berggrunnskortlagningu á svæðinu. Þar hafa EGV og SPS unnið saman 15 daga, en Elsa verið ein að verki 6 daga. Við álitum að það þurfi a.m.k. 20-22 daga til viðbótar til að ljúka verkinu ef miðað er við bestu skilyrði að því er varðar veður og færð, en raunhæfara er að gera ráð fyrir um 30 dögum til verksins ef tekið er tillit til óvissuþátta. Erfiðast er að áætla tíma fyrir svæðið milli Langasjóar og Skaftár, sem er mikilvægt að kanna vel með tilliti til hugsanlegrar vatnsborðshækkunar í Langasjó.

2. mynd sýnir stöðu berggrunnskortlagningarinnar 1994. Nú þegar hefur verið farið víða um svæðið (gult á 2. mynd), einkum þar sem akfært er. Þeir hlutar sem enn eru ókortlagðir (hvítir á 2. mynd) eru erfiðir yfirferðar og verður að fara víða fótgangandi. Ekki hentar einum manni að vinna við kortlagningu á svo afskekktu og fáförulu svæði sem hér er um að ræða.

Kostnaður vegna rannsóknarferðanna hefur skipst nokkurn vegin jafnt milli OS og LV annars vegar og Vísindasjóðs og EGV og SPS hins vegar. Einnig hefur fjöldi sýna verið efnagreindur og kostnaður vegna þeirra greiddur af Vísindasjóðsstyrknum. Ekki hefur verið unnið neitt að ráði úr frumgögnum þessara rannsókna og ekki eru til hreinteiknuð kort nema af þeim svæðum sem er að finna inni á kortunum Sigalda-Veiðivötn og Jökulheimar. Fyrirnefnda kortið hefur verið prentað en hið síðarnefnda er aðeins til í handriti. Niðurstöður efnagreininga hafa ekki verið birtar, þar sem rannsóknin stendur enn yfir.

Nauðsynlegt er að kortleggja allt svæðið milli Tungnaár og Skaftár og frá Skaftárjökli suður í Jökuldali, eða alls um 600 ferklómetra vegna hugsanlegra veituframkvæmda. Nú þegar eru fyrirbyggjandi rannsóknargögn, sem unnt er að nota til að teikna drög að berggrunnskorti í mælikvarða 1:50.000, en að vísu yrði það gloppótt eins og ráða má af 2. mynd.

---

**HEIMILDIR**

*Björn Jónasson 1974* Skaftárvæði, jarðfræðiskýrsla. Ritgerð til B. S. prófs í jarðfræði frá Verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands.

*Elsa G. Vilmondardóttir, Snorri Páll Snorrason, Guðrún Larsen og Ágúst Guðmundsson 1988*, Berggrunnskort Sigalda-Veiðivötn, 3340 B. Orkustofnun, Vatnsorkudeild og Landsvirkjun, Reykjavík.

*Guðmundur Kjartansson 1962 og 1977*: Jarðfræðikort af Íslandi, 1:250.000, blað 6, Miðsuðurland. Menningarsjóður, Landmælingar Íslands.


*Haukur Jóhannesson, Sveinn P. Jakobsson og Kristján Sæmundsson 1982*: Jarðfræðikort af Íslandi, blað 6, Miðsuðurland, önnur útgáfa. Náttúrufræðistofnun Íslands og Landmælingar Íslands, Reykjavík.

*Haukur Jóhannesson, Sveinn P. Jakobsson og Kristján Sæmundsson 1990*: Jarðfræðikort af Íslandi, blað 6, Miðsuðurland, þriðja útgáfa. Náttúrufræðistofnun Íslands og Landmælingar Íslands.



*Haukur Jóhannesson og Kristján Sæmundsson 1989*: Jarðfræðikort af Íslandi 1:500.000, berggrunnskort, Náttúrufræðistofnun Íslands, Landmælingar Íslands.

*Oddur Sigurðsson, Björn Jónasson og Snorri Zóphóníasson 1972*. Skaftárveita, jarðfræðiskýrsla. Orkustofnun, Raforkudeild, 17 bls auk taflna, korta og mynda.



*Snorri Zóphóníasson 1973*. Jarðfræði Skaftártunguafréttis. Ritgerð til B.S. prófs í jarðfræði frá Verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands vorið 1973. 43 bls. auk korts og mynda.



Berggrunnskortlagning á vatnasviði Þjórsár ofan Búrfells.  
Staða í október 1994.

-  Kort komin út
-  Óprentuð kort; útvinnu að mestu lokið, en upprifjun nauðsynleg.

# Svæðið milli Skaftár og Tungnaár Staða berggrunnskortlagningar 1994

-  Útlínur svæðisins
-  Svæði kortlögð á árabílinu 1985-1993

1:250 000

